

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL
1860-095-MIN-002-V01

EFNI

Drög að viðbrögðum vegna umsagna og athugasemda við deiliskipulagsbreytinguna á Deiliskipulagi Norðfjarðarveggar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði.

DAGS.
23.08.2023

SVEITARFÉLAG
Fjarðabyggð

MÁLEFNI

Drög að svörum vegna umsagna og athugasemda við breytingu á **Deiliskipulagi Norðfjarðarveggar og nágrennis að gangamunna á Eskifirði**, ásamt öðrum breytingum á skipulagi.

UMSAGNARAÐILI / ATHUGASEMDARAÐILI- DAGS	ATHUGASEMD (SAMANTEKNIR HELSTU PUNKTAR)	VIÐBRÖGD OG BREYTINGAR VEGNA UMSAGNA/ATHUGASEMDA
Landsnet -19.07.23	<i>Á skipulagsuppdætti er Eskifjarðarlína 1 sýnd en ekki gerð grein fyrir Neskaupstaðarlínu 2 og engin umfjöllun er um línurnar eða þær takmarkanir sem gilda um helgunarsvæði þeirra. Ganga þarf úr skugga um hvort helgunarsvæði Eskifjarðarlínu 1 nái inn á skipulagssvæðið. Landsnet bendir á að inn á deiliskipulagi þarf að gera grein fyrir háspennulínunum, helgunarsvæðum þeirra og þeim takmörkunum sem gilda um þau.</i>	<i>Þakkað er fyrir ábendingar. Neskaupstaðarlínu 2 er bætt inn á uppdrátt og bætt er inn í greinargerð takmörkunum. Þá nær helgunarsvæði Eskifjarðarlínu 1 ekki inn á skipulagssvæðið.</i>
Minjastofnun Íslands (MÍ) - 08.08.23	<i>Engar þekktar menningarminjar eru innan þess svæðis sem skipulagsbreytingin nær til. MÍ gerir ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna.</i>	<i>Engra breytinga er þörf.</i>
Vegagerðin - 04.07.23	<i>Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við framlagt deiliskipulag en bendir á að tryggja verður greiða aðkomu að þjónustuhúsi Norðfjarðarganga. Jafnframt er óskað eftir að veghelgunarsvæði verði bætt inn á uppdrátt.</i>	<i>Engra breytinga er þörf. Ekki er talin ástæða fyrir því að bæta inn veghelgunarsvæði inn á deiliskipulagsbreytinguna þar sem deiliskipulagsbreytingin nær aðeins til hluta svæðisins.</i>